



Fundargerð

Tilv. 1701020/1.7

Fundur: Grisjunarráð 1/2017.
Dagsetning og tími: 4. janúar 2017, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs frá 9. nóvember 2016.
2. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 16. júní 2016 – aflýstir húsaleigusamningar 1998 og áfram (ósk um endurskoðun ákvörðunar grisjunarráðs frá 10. október 2016) (málsnr. 1608001).
3. Grisjunarbeiðni Reykjanesbæjar dags. 23. september 2016 – þjónustuskýrslur / vinnuskýrslur vegna heimaþjónustu við einstaklinga 1999–2016 (málsnr. 1609068).
4. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – aksturssamningar starfsmanna ríkisins, afrit 1985–2016 (málsnr. 1610013).
5. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – húsaleigusamningar ríkisins, afrit 1970–2016 (málsnr. 1610014).
6. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – úrskurðir Kjararáðs, afrit 1996–2016 (málsnr. 1610016).
7. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – skilamöt Framkvæmdasýslu ríkisins, afrit 1989–2016 (málsnr. 1610017).
8. Grisjunarbeiðni RARIK dags. 25. október 2016 – fylgiskjöl bókhalds 2004–2007 (málsnr. 1610071).
9. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 26. október 2016 – húsaleigubætur, bókhald 1999–2005 og áfram (málsnr. 1610067).
10. Grisjunarbeiðni Akureyrarbær dags. 26. október 2016 – fylgiskjöl með umsóknum um leiguíbúðir og endurskoðun leiguréttar, skattframtöl 1999–2008 og áfram (málsnr. 1610068).
11. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 26. október 2016 – fylgiskjöl með umsókn um viðbótarlán, skattframtöl 1999–2004 (málsnr. 1610069).
12. Tilkynning Viðlagatryggingar um rafrænt gagnakerfi C5 bókhaldskerfi – ákvörðun um grisjun (var á dagskrá 29. september 2016).



Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 9. nóvember 2016.

Fundargerð grisjunarráðs frá 9. nóvember 2016 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 16. júní 2016 – aflýstir húsaleigusamningar 1998 og áfram (ósk um endurskoðun ákvörðunar grisjunarráðs frá 10. október 2016) (málsnr. 1608001).

Grisjunarráð samþykkir beiðnina í ljósi viðbótarupplýsinga sem bárust um málið. Akureyrarbæ er heimilt að eyða umbeðnum aflýstum húsaleigusamningum sem ná frá árinu 1998 og áfram þegar þeir hafa náð sjö ára aldri með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll skjöl fyrir ár sem enda á 0. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin hafa tímabundið gildi fyrir Akureyrarbæ, eru afrit og frumrit eru varðveitt hjá viðkomandi sýslumannsembætti.

3. Grisjunarbeiðni Reykjanesbæjar dags. 23. september 2016 – þjónustuskýrslur / vinnuskýrslur vegna heimaþjónustu við einstaklinga 1999-2016 (málsnr. 1609068).

Beiðnin var samþykkt. Reykjanesbæ er heimilt að eyða umbeðnum þjónustuskýrslum / vinnuskýrslum vegna heimaþjónustu við einstaklinga sem ná yfir tímabilið 1999-2016 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn allar þjónustuskýrslur / vinnuskýrslur frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við gjaldfærslu og hafa því tímabundið gildi og ber að líta á þau sem bókhaldsgögn. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

4. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – aksturssamningar starfsmanna ríkisins, afrit 1985-2016 (málsnr. 1610013).

Beiðnin var samþykkt. Ríkisendurskoðun er heimilt að eyða umbeðnum afritum af aksturssamningum starfsmanna ríkisins sem ná yfir tímabilið 1985-2016 þegar tvö ár eru liðin frá tilurð skjalanna. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin eru afrit sem send eru Ríkisendurskoðun til upplýsingar og frumrit þeirra eru varðveitt hjá öðrum afhendingarskyldum aðilum.

5. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – húsaleigusamningar ríkisins, afrit 1970-2016 (málsnr. 1610014).

Beiðnin var samþykkt. Ríkisendurskoðun er heimilt að eyða umbeðnum afritum af húsaleigusamningum ríkisins sem ná yfir tímabilið 1970-2016 þegar tvö ár eru liðin frá tilurð skjalanna. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin eru afrit sem send eru Ríkisendurskoðun til upplýsingar og frumrit þeirra eru varðveitt hjá Ríkiseignum.



6. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – úrskurðir Kjararáðs, afrit 1996–2016 (málsnr. 1610016).

Beiðnin var samþykkt. Ríkisendurskoðun er heimilt að eyða umbeðnum afritum af úrskurðum Kjararáðs sem ná yfir tímabilið 1996–2016 þegar tvö ár eru liðin frá tilurð skjalanna. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin eru afrit sem send eru Ríkisendurskoðun til upplýsingar og frumrit þeirra eru varðveitt hjá Kjararáði.

7. Grisjunarbeiðni Ríkisendurskoðunar dags. 6. október 2016 – skilamöt Framkvæmdasýslu ríkisins, afrit 1989–2016 (málsnr. 1610017).

Beiðnin var samþykkt. Ríkisendurskoðun er heimilt að eyða umbeðnum afritum af skilamötum Framkvæmdasýslu ríkisins sem ná yfir tímabilið 1989–2016 þegar tvö ár eru liðin frá tilurð skjalanna. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin eru afrit sem send eru Ríkisendurskoðun til upplýsingar og frumrit þeirra eru varðveitt hjá Framkvæmdasýslu ríkisins.

8. Grisjunarbeiðni RARIK dags. 25. október 2016 – fylgiskjöl bókhalds 2004–2007 (málsnr. 1610071).

Beiðnin var samþykkt. RARIK er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sem ná yfir tímabilið 2004–2007 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 5 (2005). Forsenda ákvörðunarinnar er að fylgiskjöl bókhalds innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

9. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 26. október 2016 – húsaleigubætur, bókhald 1999–2005 og áfram (málsnr. 1610067).

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarbæ er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum er varða húsaleigubætur sem ná yfir árin 1999–2005 tíu árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl húsaleigubóta frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að listar yfir bótaþega og upphæðir sem hver fær eru varðveitt varanlega í skjalasafni Akureyrarbæjar.

10. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæar dags. 26. október 2016 – fylgiskjöl með umsóknum um leiguíbúðir og endurskoðun leiguréttar, skattframtöl 1999–2008 og áfram (málsnr. 1610068).

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarbæ er heimilt að eyða umbeðnum afritum af skattframtölum sem fylgja með umsóknum um leiguíbúðir og endurskoðun leiguréttar sem ná yfir árin 1999–2008 og áfram sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll afrit skattframtala tíunda hvert ár fyrir ár sem enda á 0. Forsenda ákvörðunarinnar er að skattframtölin eru afrit en frumrit þeirra er varðveitt hjá Ríkisskattstjóra. Sýnishornataka til að sýna að framtölin voru til staðar við mat á umsóknum og töku ákvörðunar.



11. Grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar dags. 26. október 2016 – fylgiskjöl með umsókn um viðbótarlán, skattframtöl 1999–2004 (málsnr. 1610069).

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarbæ er heimilt að eyða umbeðnum afritum af skattframtölum sem fylgja með umsóknum um viðbótarlán sem ná yfir árin 1999–2004 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll afrit skattframtala tíunda hvert ár fyrir ár sem enda á 0. Forsenda ákvörðunarinnar er að skattframtölin eru afrit en frumrit þeirra eru varðveitt hjá Ríkisskattstjóra.

12. Tilkynning Viðlagatryggingar um rafrænt gagnakerfi C5 bókhaldskerfi – ákvörðun um grisjun (var á dagskrá 29. september 2016) (málsnr. 1602020).

Samþykkt að ekki þurfi að afhenda rafræn gögn úr gagnakerfinu C5 bókhaldskerfi í formi vörsluútgáfu með því skilyrði að prentuð verði út aðalbók úr kerfinu einu sinni á ári og hún varðveitt á pappír skjalasafni Viðlagatryggingar og að ársreikningur með upplýsingum úr kerfinu verði jafnframt varðveittur í skjalasafni Viðlagatryggingar. Samþykkt að heimila grisjun á rafrænum gögnum úr kerfinu þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu gildi gagnanna er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að gögnin í gagnagrunninum hafa tímabundið gildi og að aðalbók og ársreikningar verða varðveitt í skjalasafni Viðlagatryggingar.

Fundi slitið kl. 13:25

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)